

Nr. 078 / 15 Grímsnes GK 555***Skipverji slasast við fall í lest***

Skipaskr.nr. 0089 IMO nr. 5427382
Smíðaður: Flekkefjord Noregi 1963 stál
Stærð: 178,6 brl. 276,8 bt.
Mesta lengd: 36,05 m Skráð lengd: 32,83 m
Breidd: 6,72 m Dýpt: 5,72 m
Vél: Caterpillar 671 kW 1985
Fjöldi skipverja: 5



Grímsnes ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi þann 14. desember 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasynt, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 10. júlí 2015 var Grímsnes BA 555 á rækjuveiðum SA af Grímsey. Veður: V 3-5 m/s (Grímsey kl. 15.00)

Skipverji sem var einn að vinna í lest rann til þegar hann steig ofan í kar og féll á brún þess með hægri síðuna. Siglt var með hann í land í Grímsey en þaðan var hann fluttur með sjúkraflugi til Akureyrar. Hann reyndist illa rifbeinsbrotinn og var óvinnufær um tíma.

Við rannsókn kom fram:

- að körin voru 300 lítra og um 40 kg;
- að slasaði var í góðum olíuþolnum stígvélum með stömum sóla. Hann kvaðst hafa stigið eitthvað vitlaust á körin;
- að yfirleitt voru tveir menn í að forfæra kör en svo var ekki í þessu tilfelli.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.